

## GJALDSKRÁ

**Sjúkratrygginga Íslands fyrir hjúkrunarþjónustu öldrunarstofnana  
sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2015 og eru án samnings  
um verð við Sjúkratryggingar Íslands.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Gjaldskráin tekur til hjúkrunarþjónustu við sjúkratryggða heimilismenn hjúkrunarrýma á vegum öldrunarstofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2015 og eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands um verðlagningu þjónustunnar. Í henni er kveðið á um þátttöku í kostnaði sjúkratryggðra í formi daggjalda fyrir hjúkrun til viðbótar daggjaldi samkvæmt reglugerð nr. 1185/2014 um daggjöld fyrir dvalarrými, dagdvalarrými og hjúkrunarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2015.

2. gr.

*Heimilismenn hjúkrunarrýma.*

Heimilismenn hjúkrunarrýma eru sjúkratryggðir einstaklingar sem færni- og heilsumatsnefnd hefur metið að séu í þörf fyrir dvöl í hjúkrunarrými samkvæmt reglugerð nr. 466/2012 um færni og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma. Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur telst sjúkratryggður, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

3. gr.

*Daggjöld fyrir hjúkrun og fjöldi hjúkrunarrýma.*

Daggjöld fyrir hjúkrunarþjónustu miðast við tilgreindan hámarksfjölda hjúkrunarrýma og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2015:

Fjárlaga-liður (08-)	Viðf.	Heiti stofnunar	Hámarksfjöldi hjúkrunarrýma	Hjúkrunar-daggjald kr.	Nánari lýsing
401	113	Grenilundur, Grenivík	6	14.695	
401	113	Hvammur, Húsavík	22	12.175	
401	113	Blesastaðir, Skeiðum	4	12.157	
401	113	Sólvellir, Eyrarbakka	3	12.633	
401	113	Roðasalir, Kópavogi	11	11.206	
401	113	Sæborg, Skagaströnd	6	12.475	
401	113	Silfurtún, Búðardal	10	12.950	
401	113	Hlévangur, Reykjanesbæ	32	14.197	
401	113	Sundabúð, Vopnafirði	11	15.154	1)
401	113	Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	17	20.308	2)
405	101	Hrafnista, Reykjavík	177	13.801	
405	101	Hrafnista, Reykjavík, endurhæfing	20	20.492	3)
406	101	Hrafnista, Hafnarfirði	158	13.801	
407	101	Grund, Reykjavík	181	13.203	
408	101	Sunnuhlíð, Kópavogi	70	12.604	
409	101	Hjúkrunarheimilið Skjól	107	13.651	
410	101	Hjúkrunarheimilið Eir	161	13.651	
410	101	Hjúkrunarheimilið Eir, endurhæfing	12	21.561	4)

Fjárlaga-liður (08-)	Viðf.	Heiti stofnunar	Hámarksfjöldi hjúkrunarrýma	Hjúkrunardaggjald kr.	Nánari lýsing
412	101	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	70	12.754	
413	101	Droplaugarstaðir, Reykjavík	82	13.502	
414	101	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	27	12.797	
415	101	Hulduhlíð, Eskifirði	20	12.696	
416	101	Hornbrekka, Ólafsfirði	18	13.419	
417	101	Naust, Þórshöfn	10	11.813	
418	101	Seljahlíð, Reykjavík	20	13.743	
423	101	Höfði, Akranesi	50	12.715	
424	101	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	32	12.937	
425	101	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	13	13.426	
426	101	Fellaskjól, Grundarfirði	9	12.475	
427	101	Jaðar, Ólafsvík	10	12.633	
428	101	Fellsendi, Búðardal	26	12.797	
429	101	Barmahlíð, Reykhólum	14	13.268	
433	101	Dalbær, Dalvík	24	13.242	
434	101	Öldrunarstofnun Akureyrar	168	13.630	
436	101	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	14	12.330	
437	101	Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	22	12.641	
438	101	Klausturhólar	16	13.426	
439	101	Hjallatún, Vík	12	13.426	
440	101	Kumbaravogur, Stokkseyri	34	12.641	
441	101	Ás Ásbyrgi, Hveragerði	38	13.203	
441	101	Ás Ásbyrgi, geðhjúkrunarrými	39	6.997	5)
442	101	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	29	11.879	
445	101	Mörk, Reykjavík	93	13.732	
445	101	Mörk, Reykjavík, sérrými	20	17.099	6)
446	101	Boðaþing, Kópavogi	44	14.158	
448	101	Ísafold, Garðabæ	60	13.547	
449	101	Hjúkrunarheimili, Mosfellsbær	30	15.598	
450	101	Nesvellir, Reykjanesbæ	60	13.547	

Nánari lýsing, sbr. töflu:

- 1) Sundabúð, Vopnafirði er með eitt skilgreint endurhæfingarrymi.
- 2) Kirkjuhvoll, Hvolsvelli er með eitt hjúkrunarrýmanna skilgreint fyrir einstakling með fjölpættar skerðingar og er daggjald vegna hans ákvarðað sérstaklega og bundið við hann.
- 3) Hrafnista, Reykjavík er með 20 skilgreind endurhæfingarrymi.
- 4) Hjúkrunarheimilið Eir er með 12 skilgreind endurhæfingarrymi.
- 5) Ás Ásbyrgi, Hveragerði er með 39 skilgreind geðhjúkrunarrými.
- 6) Mörk, Reykjavík er með skilgreind sérrými, 10 geðhjúkrunarrými og 10 rými fyrir einstaklinga yngri en 67 ára.

Heimilt er að fækka hámarksfjölda hjúkrunarrýma sem greiðslubáttaka sjúkratrygginga miðast við og skal þá tilkynna viðkomandi stofnun það með þriggja mánaða fyrirvara, miðað við mánaðamót.

Nr. 13

13. janúar 2015

Miðað er við að daggjöldin séu fyrirframgreidd mánaðarlega á grundvelli áætlaðrar nýtingar hjúkrunarrýmanna sem tilgreind eru í framangreindu yfirliti og að endanlegt uppgjör eigi sér stað eftir hvern almanaksmánuð. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga er þó aldrei hærri en sem samsvarar 100% nýtingu tilgreindra rýma í uppgjörsmóðinum og 98,6% nýtingu rýmanna á tólf mánaða tímabili.

Daggjald skal greitt þrátt fyrir að heimilismaður hverfi af stofnun í stuttan tíma, svo sem til aðstandenda yfir helgi eða hátíðar, enda hafi heilbrigðisfyrvöld ekki aukakostnað af dvölinni.

Fari heimilismaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar skal greiða 70% af daggjaldi stofnunar í allt að 45 daga.

Við andlát heimilismanns eða þegar heimilismaður flytur fyrir fullt og allt af stofnun skal greiða fullt daggjald í allt að sjö daga. Ef heimilismaður í hvíldarrými andast skal greiða fullt daggjald í allt að two daga.

4. gr.

*Hjúkrun í hjúkrunarrýmum.*

Innifalin í daggjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari er hvers konar þjónusta sem heimilismönnum er látin í té á stofnunum umfram það sem kveðið er á um í reglugerð nr. 1185/2014 um daggiöld fyrir dvalarrými, dagdvalarrými og hjúkrunarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2015, sbr. meðal annars reglugerð nr. 427/2013, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

5. gr.

*Greiðslur fyrir veitta þjónustu.*

Um greiðslur fyrir veitta þjónustu og þáttöku heimilismanns í greiðslu dvalarkostnaðar fer samkvæmt 21., 22., 23. og 26. gr. laga nr. 125/1999, um mállefni aldraðra, með síðari breytingum, og 6. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

6. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, reglugerð nr. 1184/2014 um greiðslu kostnaðar vegna heilbrigðisþjónustu í hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana sem eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, og reglugerð nr. 1185/2014 um daggiöld fyrir dvalarrými, dagdvalarrými og hjúkrunarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2015. Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2015 til og með 31. maí 2015.

*Sjúkratryggingum Íslands, 13. janúar 2015.*

**Steingrímur Ari Arason.**

*Katrín E. Hjörleifsdóttir.*